



34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
30.-31. október 2025

Ályktun 34. þings LÍV um gervigreind

34. þing LÍV fagnar tækninni og þeim möguleikum sem hún býður upp á til að létta störf og auka afköst og framleiðni. Mikilvægt er að launafólk njóti hlutdeildar í þeirri framleiðniaukningu eftir hugmyndafræði réttláttra umskipta.

Þingið bendir á mikilvægi þess að stjórnvöld og fyrirtæki myndi sér skýra stefnu og reglur og kynni hana fyrir öllum þeim sem málið varðar. Stefna fyrirtækja á þessu sviði er víða óljós eða ekki til staðar. Evrópska verkalýðshreyfingin hefur ítrekað kallað eftir skýrum reglum og jafnvel banni við ákveðnum tegundum gervigreindar við mannauðsstjórnun. Hreyfingin hefur einnig þróað ramma utan um réttlát umskipti sem eiga að tryggja að ný og breytt tækni skili sér í auknum lífsgæðum launafólks.

Söfnun og greining persónugreinanlegra upplýsinga um starfsfólk er orðið eitt helsta áhyggjuefni samtímans þegar kemur að vinnuvernd, friðhelgi einkalífs og valdajafnvægi í stafrænu vinnuumhverfi. Fyrirtæki safna sífellt meiri gögnum um hegðun, frammistöðu og samskipti starfsfólks – oft án vitundar þess. Dæmi eru um að forrit sem greina ferilskrár, taka viðtöl og meta hæfni með radd- eða myndgreiningu geti ýtt undir hlutdrægni og mismunun.

34. þing LÍV hvetur forystu verkalýshreyfingarinnar til að gera skýra kröfu til viðsemjenda um að gervigreindarstefna verði innleidd í fyrirtækjum að teknu tilliti til persónuverndar. Gervigreindarstefnur þessar þurfa m.a. að ná yfir meðhöndlun á gagnasöfnun um starfsfólk.